



Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 2. tbl. 2026

Skeldýrabætur og línuívilnun á Vesturlandi

Vífill Karlsson

Á Vesturlandi skipta skeldýrabætur og línuívilnun miklu máli enda voru þær á bakvið um 13.000 tonna veiði á árunum 2020-2024. Það eru mikil verðmæti og afnám skeldýrabóta og línuívilnunar yrði því mikið högg fyrir útgerðir - sérstaklega á Snæfellsnesi.

Inngangur

Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga innviðaráðherra um breytingar á pottum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins sem gæti m.a. falið í sér algjört afnám bæði línuívilnunar og skel- og rækjubóta, sem kallaðar verða skeldýrabætur hérefrir í þessari Glefsu. Ekki skal fjallað um kosti eða galla þeirra hugmynda hér, heldur dregin upp mynd af mikilvægi þeirra í sveitarfélögum á Vesturlandi. Til grundvallar liggja tölur fimm ára tímabils – almanaksáranna 2020-2024 og vantar þá nýjasta heila almanaksárið inn í, sem kemur ekki að sök þar sem valið var að skoða örlítið lengra tímabil en eitt ár til að draga fram sögulegt mikilvægi kerfanna. Gögnin koma frá Fiskistofu.

Umfang skeldýrabóta og línuívilnunar

Fyrst verður litið til fjölda þeirra tonna sem veidd eru innan línuívilnunar og skeldýrabóta eftir sveitarfélögum á Vesturlandi á fimm ára tímabilinu 2020-2024 (Tafla 1).

Tafla 1. Skelbætur og línuívilnunarafli á Vesturlandi í tonnum 2020-2024

Sveitarfélag	Skelbætur	Línuívilnunarafli	Skelbætur, röð	Línuívilnunarafli, röð
Akraneskaupstaður	-	115	22	20
Borgarbyggð	-	-	22	28
Dalabyggð	-	-	22	28
Grundarfjarðarbær	955	77	3	22
Snæfellsbær	-	7.168	22	3
Svf Stykkishólmur	3.602	1.035	1	16
Samtals	4.557	8.395		


Athugið: Röðin er á landsvísu.

Þá kemur strax í ljós að hvergi á landinu var eins mikið af skeldýrabótum og í Sveitarfélaginu Stykkishólmi eða 3.602 tonn. Þess utan var Grundarfjarðarbær í þriðja sæti á eftir Sveitarfélaginu Stykkishólmi með 955 tonn. Þá var Snæfellsbær þriðja stærsta línuívilnunarveitarfélag landsins með 7.168 tonn. Sveitarfélagið Stykkishólmur var líka stórt í línuívilnunarafli með 1.035 tonn í 16. sæti af 27. Samtals nam afli botnfisktegunda á Vesturlandi, sem rekja mátti til skeldýrabóta og línuívilnunar, um 13.000 tonnum. Það eru mikil verðmæti og verulega

atvinnuskapandi en í kringum einn bát innan línuívilnunar geta verið 4-7 manns að störfum.

Vægi skeldýrabóta og línuívilnunar

Dregin var upp mynd af vægi hlutdeildar heildar botnfiskafla sveitarfélaga sem rekja má til almennra aflaheimilda (venjulegs kvóti) á móti afla sem rakinn er til fimm stærstu pottanna; skeldýrabóta, línuívilnunar, strandveiða, byggðakvótans almenna og byggðakvótans sértæka. Allar aflaheimildir aðrar en þær sem rekja má til þessara fimm potta eru kallaðar almennar aflaheimildir í þessari Glefsu. Sveitarfélögum var raðað eftir vægi almennra aflaheimilda – mest efst (Mynd 1). Í ljós kom að sjávarútvegssveitarfélög voru ákaflega misháð kerfum – allt frá Vestmannaeyjum sem reiðir sig ekki neitt á pottana, yfir í Strandabyggð sem reiðir sig algerlega á pottana og mest línuívilnun. Til að sjá síðan hversu hátt vægi sjávarútvegur (botnfisktegundir) vigta í útsvarstekjum sveitarfélaga skal bent á umfjöllun í Glefsu frá í fyrra (Vífill Karlsson, 2025b).




Mynd 1. Vægi almennra aflaheimilda í heildarfla sjávarútvegssveitarfélaga



Sjávarútvegssveitarfélög á Vesturlandi byggðu töluvert mikið á almenna kerfinu og í þessari röð (talin upp frá mesta vægi til þess minnsta): Akraneskaupstaður (6. sæti), Grundarfjarðarbær (12.), Snæfellsbær (16.), Dalabyggð (21.), Sveitarfélagið Stykkishólmur (23.). Sjávarútvegssveitarfélögin á þessum lista eru 39 alls og komust þau á hann ef fiskiskip var skráð þar og hafði einhvern afla á þeim árum sem horft var til.


Á myndinni sést að þegar horft er til pottanna hér á Vesturlandi þá vega skeldýrabætur þyngst í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, línuviltun þyngst í Snæfellsbæ, strandveiðar þyngst í Dalabyggð og Akraneskaupstað á meðan Grundarfjarðarbær er jafnara í mörgum pottum (Mynd 1). En hvar lenda vestlensk sveitarfélög ef við röðum eftir vægi línuviltunar annars vegar og skeldýrabóta hins vegar?



Mynd 2. Vægi línuviltunarafla í heildarafla línuviltunarsveitarfélaga

Fyrst var horft til línuviltunarafla (Mynd 2) og í myndina rötuðu eingöngu sveitarfélög sem höfðu einhverja línuviltun á þessum árum og voru þau 27 talsins. Sveitarfélögum var raðað eftir vægi línuviltunarafla – mest efst. Á myndinni sést að vægi Húnabyggðar var mest í línuviltun þessi árin eða rúmlega 60% en Strandabyggð og Kaldrananeshreppur komu fast á hæla hennar. Af sveitarfélögum á Vesturlandi var vægið mest (5%) í Snæfellsbæ en hann var 12. í röðinni hvað vægi línuviltunarafla í öllum botnfiskafra snerti á landsvísu.

Sveitarfélagið Stykkishólmur kom næst á eftir (4%) í 13. sæti. Þá Akraneskaupstaður (innan við 1%) í 20. sæti og Grundarfjarðarbær í 21. sæti.



Mynd 3. Vægi skeldýrabóta í heildarafla skeldýrabótasveitarfélaga

Síðan voru skeldýrabætur greindar með sama hætti (Mynd 3). Myndinni er raðað eftir vægi skeldýrabóta (hæst efst) og eingöngu var að finna sveitarfélög með einhverjar skeldýrabætur á þessu tímabili og voru þau 21 talsins. Þá kom í ljós að hvergi var vægi skeldýrabóta eins hátt á landinu og í Sveitarfélaginu Stykkishólmi (12%). Húnaþing vestra og Húnabyggð komu næst á eftir vegna nálægðar við Húnaflóann. Af Vesturlandi kom Grundarfjarðarbær næstur (2%) en í sjötta sæti á landsvísu. Fleiri voru sveitarfélögin ekki af Vesturlandi með skeldýrabætur á þessu tímabili.

Heimildir

Vífill Karlsson. (2025b). Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga. *Glefsa*, 11(2), 1-2.